



F U N D A R G E R ð

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 9. mars kl. 16:15 í gegnum fjarfundabúnað

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Karitas Jónsdóttir, Sævar Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Finnbogi Leifsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Unnur Þóra Sigurðardóttir. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri. Gunnar Svavarsson, verkfræðingur á EFLU verkfræðistofu sat fundinn undir lið þrjú.

1. Fundur settur

2. Fundargerð síðasta fundar 10.11.2021 Samþykkt.

3. Fíflholt stækkun.

Gunnar Svavarsson, EFLU verkfræðistofu, kom inn á fundinn og fór yfir stækkunarmöguleika urðunarstaðarins.

Rætt um þær leiðir sem fram eru settar í hugmyndum EFLU. Rætt um möguleika á efnistöku í nágrenninu. Samþykkt að fara leið B í hönnun á nýrri rein.

4. Ársreikningur og grænt bókhald

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi og grænu bókhaldi. Alls voru 14.961 tonn af úrgangi í Fíflholtum á árinu 2021. Timburflís, sem notuð er til yfirlags í urðunarreinum 2.810 tonn. Stjórn leggur til við aðalfund að greiddur sé 27% arður til eigenda. Ársreikningur og grænt bókhald samþykkt samhljóða.

5. Fundur með Gunnari Bragasyni, sláturúrgangur.

Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá fundinum og hugsanlegum leiðum fyrir sláturúrgang.

6. Fyrirspurn frá Hveragerðisbæ

Lögð fram fyrirspurn vegna fitu sem þörf er að koma til urðunar. Lagt fram.

7. Verkefni í Fíflholtum

Framkvæmdastjóri sagði frá viðgerðum á kyndli og hönnun á næsta hluta gassöfnunarkerfis sem er hafin.

8. Eftirlit UST 21. okt. 21

Eftirlitsskýrsla dags 7.12.21 lögð fram.

9. Samráðsvettvangur SV-hornsins –

- a. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Staða.
Í samþykktarferli hjá sveitarfélögum.
- b. samningur um brennslulausn
Vinna við næstu skref í brennslulausn. Formaður og framkvæmdastjóri sögðu frá stöðu verkefnisins.

10. Fundargerðir

Verkefnisstjórn Sambandsins í úrgangsmálum 7. jan. 14. feb.

Fundargerð samráðsvettvangs 10.01.2022

Lagðar fram

11. Önnur mál

- a. **Fundir sem framkvæmdastjóri hefur sótt.**

FENÚR fundur 11.02.2022

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefnum á borði FENÚR.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:50

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir